Sveinspróf í snyrtifræði

Verkleg próf fara fram í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.
Greiða þarf aðstöðugjald til skólans sem sendir greiðsluseðil í heimabankann.

Skólinn opnar kl. 7:00 og prófið hefst stundvíslega kl. 8.30. Hægt er að undirbúa öll herbergi fyrirfram. Það má koma með öll efni og tæki, en þau eru líka til staðar á staðnum. Nauðsynlegt er að koma með öll áhöld, s.s. naglaklippur, naglabandaklippur, plokkara ofl. Gott er að gera gátlista svo ekkert gleymist.

Öll módel koma með farða og lakk á höndum í próf. Athugið að allt skart sem módelið er með þafr að taka af sér og setja í töskuna sína. Það er á ábyrgð prófstaka.

Slökkva þarf á símum.

Ekki er leyfilegt að vera með myndavél í verklega prófinu.

Ekki er leyfilegt að koma með námsbækur eða annað skriflegt efni.

Allar meðferðir á prófstaki að gera í þeirri röð sem hann telur að henti best.

Ekki er leyfilegt að blanda saman meðferðum, t.d. að klára handsnyrtingu í fótsnyrtingunni.

Þegar uppgefinn tími fyrir hverja meðferð er liðinn verður að stöðva meðferðina þó hún sé ekki búin.

Takist prófstaki ekki að ljúka meðferð á uppgefnum próftíma stenst hann ekki viðkomandi prófþátt.

Uppsetning á próftíma

Prófstaka er úthlutað módeli, eitt fyrir hádegi og annað eftir hádegi. Prófstaki tekur á móti módelunum eins og þau séu að koma á stofu. Prófdæming hefst frá þeim tíma er prófstaki tekur við sínu módeli.

Litun og plokkun/vax 45 mín.

Andlitsmeðferð 90 mín.
Yfirborðshreinsun.
Djúphreinsun (gufa). Verður að sýna kreistun.
Rafmagnstæki.
Nudd, 20 mín.
Maski.
Dagnæring.
Húðgreining: Húðgerð er færð inn á uppsett blað, markmið meðferðar, vöru/verklýsing og ráðleggingar. Húðgreiningarblaði er skilað í lok andlitsmeðferðar.

Líkamsnudd, klassískt nudd 20 mín.
Próftaka fær að vita hvaða líkamshluta skal nudda.

Vaxmeðferð, próftími ekki tilgreindur.
Próftaki tekur á móti módeli eins og hún sé að koma til hennar í fyrsta skipti.

12.00 Hlé í eina klukkustund.
Próftaki skiptir um módel.

Handsnyrting 1 klst. og 15 mín.
Prófdómari skoðar hendur áður en próf hefst. Prófdómari skoðar hendur fyrir nudd og lökkun. Nota skal undirlakk í lökkun, ósanserað lakk með sterkum lit, tvær umferðir og yfirlakk. Klára þarf alveg áður en byrjað er á fótsnyrtingu.

Fótsnyrting 1 klst. og 15 mín.
Prófdómari skoðar fætur fyrir fótsnyrtingu. Hér þarf að skila greiningarblaði með verk- og vörulýsingu og hvað próftaki ráðleggur. Prófdómari skoðar fætur fyrir nudd. Neglur skulu lakkaðar með undirlakki, lituðu lakki, tvær umferðir og yfirlakki. Klára þarf alveg áður en byrjað er á förðun.

Förðun 1 klst.
Ekki er leyfilegt að byrja á förðun fyrr en hand- og fótsnyrtingu er að fullu lokið.
Förðun skal vera kvöldförðun. Sýna þarf kunnáttu í að hylja roða og bauga ef þurfa þykir. Setja skal farða, púður, augnskugga, augnblýant, maskara, móta brúnir, kinnalit, varablýant og varalit.

Módel verða spurð í lok dags um hvaða ráðleggingar próftaki hafið gefið þeim í meðferðinni.
Þegar prófi er lokið u.þ.b. kl. 17.00 þarf að ganga vel frá eftir sig, losa ruslafötur, setja þvott í körfur og passa að taka eingöngu það sem próftaki kom með.